



LÁNAMÁL RÍKISINS

Kalkofnsvegi 1 150 Reykjavík
sími: 569 9600 bréfasími: 569 9604
netfang: lanamal@lanamal.is
veffang: <http://www.lanamal.is>

Fréttatilkynning

30. desember 2022

Ársáætlun í lánamálum ríkissjóðs 2023

- Áætlað er að útgáfa ríkisbréfa nemi 140 ma.kr. að söluvirði árið 2023.
- Fyrirhugað er að gefa út tvo nýja óverðtryggða ríkisbréfaflokka með gjalddaga 2026 og 2035. Aðrir flokkar verða stækkaðir á árinu.
- Til greina kemur að mæta fjárförf ríkissjóðs á árinu að hluta til með erlendri útgáfu eða hagnýtingu erlendra innstæðna hjá Seðlabanka Íslands.

Inngangur

Samkvæmt fjárlögum fyrir árið 2023 er gert ráð fyrir að hreinn lánsfjárfjöfnuður verði neikvæður um 65,3 ma.kr. Í maí 2023 er á gjalddaga RIKB 23 0515 sem er 84,6 ma.kr. að nafnvirði. Aðrar afborganir af langtímalánum nema samtals 3,5 ma.kr. Engin erlend lán eru á gjalddaga á næsta ári.

Áfram mun ríkisbréfaútgáfa verða uppistaðan í fjármögnun ríkissjóðs en gert er ráð fyrir útgáfu ríkisbréfa fyrir um 140 ma.kr. að söluvirði¹ á árinu 2023. Útgáfa ríkisbréfa umfram gjalddaga þeirra verður því 55 ma.kr. samanborið við 65 ma.kr. árið 2022. Áætluð heildarútgáfa ársins verður jafnframt 20 ma.kr. lægri en í ársáætluninni fyrir 2022.

Til að mæta lánsfjárförf ríkissjóðs kemur einnig til greina að hagnýta erlendar innstæður á viðskiptareikningi ríkissjóðs hjá Seðlabanka Íslands en í lok nóvember 2022 námu þær 295 ma.kr. að jafnvirði. Jafnframt er til skoðunar að gefa út græn skuldabréf undir sjálfbærum fjármögnunarramma ríkissjóðs.

Útgáfuáætlun hvers ársfjórðungs verður birt síðasta viðskiptadag fyrri ársfjórðungs. Í ársfjórðungsáætlunum munu koma fram upplýsingar um áætlaða heildarútgáfu á fjórðungnum. Líkt og í síðustu ársfjórðungsáætlunum verður áætluð hámarksútgáfa í einstökum flokkum ekki birt enda mikilvægt að ríkissjóður hafi svigrúm til að ákvarða útgáfu á milli flokka eftir

¹ Með söluvirði er átt við hreint verð „clean price“ með áföllnum verðbótum á höfuðstól, þ.e. verð með verðbótum en án áfallinna vaxta.



LÁNAMÁL RÍKISINS

markaðsaðstæðum hverju sinni. Áætlun um útgáfu á fyrsta ársfjórðungi 2023 er birt samhliða ársáætlun þessari.

Stefna í lánamálum ríkisins

Stefna í lánamálum ríkisins er birt af fjármála- og efnahagsráðuneytinu og nær til fimm ára í senn. Hún endurspeglar áform stjórnvalda um lánsfjármögnun á tímabilinu en stefnan er endurskoðuð og birt árlega. Meginmarkmið stefnunnar er að tryggja að lánsfjárförf og fjárhagslegum skuldbindingum ríkissjóðs verði mætt með lágmarkskostnaði að teknu tilliti til varfærinnar áhættustefnu. Þá skal skv. stefnunni stuðla að frekari uppbyggingu á skilvirkum frum- og eftirmarkaði með innlend ríkisverðbréf.

Útgáfa óverðtryggðra ríkisbréfa

Þann 15. maí 2023 fellur á gjalddaga óverðtryggðri flokkurinn RIKB 23 0515 sem er 84,6 ma.kr. að nafnvirði. Bréf í þessum flokki voru fyrst gefin út árið 2020. Fyrirhugað er að gefa út tvo nýja óverðtryggða ríkisbréfaflokka með gjalddaga 2026 og 2035. Stefnt er að viðskiptavakt með flokkana.

Til greina kemur að gefa út í öllum flokkum óverðtryggðra ríkisbréfa á árinu en áhersla verður á uppbyggingu minnstu flokkanna, enda ber að skoða svigrúm til útgáfu í einstökum flokkum í því ljósi að stefnt er að því að endurgreiðsluferill ríkisverðbréfa verði sem jafnastur. Munu markaðsaðstæður ráða því hvort og þá hversu mikið verður selt í hverjum flokki.

Útgáfa verðtryggðra ríkisbréfa

Til greina kemur að gefa út í öllum flokkum verðtryggðra ríkisbréfa á árinu en áhersla verður á uppbyggingu minnstu flokkanna, enda ber að skoða svigrúm til útgáfu í einstökum flokkum í því ljósi að stefnt er að því að endurgreiðsluferill ríkisverðbréfa verði sem jafnastur. Munu markaðsaðstæður ráða því hvort og þá hversu mikið verður selt í hverjum flokki.

Útgáfa ríkisvíxla

Útistandandi ríkisvíxlar nema rúmum 110 ma.kr. í lok árs 2022. Ríkissjóður verður áfram virkur útgefandi á víxlamarkaði en staða útistandandi víxla hverju sinni getur verið breytileg enda er útgáfa ríkisvíxla m.a. liður í lausafjárstýringu ríkissjóðs og tímabundin fjárförf, eftirspurn frá fjárfestum og ávöxtunarkjör í útboðum hafa áhrif á stöðuna. Tímalengd víxla getur numið frá 1 mánuði upp í 12 mánuði. Ríkissjóður á einnig kost á því að óska eftir peningamarkaðslánum eða veita krónulán til bankanna til mjög skamms tíma til að draga úr daglegum sveiflum á viðskiptareikningi sínum í Seðlabankanum.

Sveigjanleiki í víxlaútgáfu er mikilvægur og til greina kemur að bæta við útboðum á ríkisvíxlum umfram það sem fram kemur í útgáfudagatali Lánamála.

Skriptiútboð - uppkaup

Framhald verður á skriptiútboðum á RIKB 23 0515 þar sem eigendum bréfanna verður boðið að skipta yfir í aðra markflokka. Þá má reikna með beinum kaupum á flokknum á eftirmarkaði.



LÁNAMÁL RÍKISINS

Jafnframt kemur til greina að vera með skiptiútboð og uppkaup á floknum RIKB 24 0415 í samræmi við ákvæði aðalmiðlarasamninga.

Innstæður ríkissjóðs í Seðlabanka Íslands

Í lok nóvember 2022 var staða á viðskiptareikningi ríkissjóðs í Seðlabanka Íslands um 85 ma.kr. Á sama tíma átti ríkissjóður einnig um 295 ma.kr. að jafnvirði í innstæðum í erlendum gjaldeyri hjá Seðlabankanum. Í árslok 2022 hafði erlenda innstæðan lækkað vegna þess að 500 milljóna evru skuldabréf á gjalddaga í desember var greitt upp með erlendum innstæðum hjá Seðlabankanum.

Vaxtaskiptasamningar

Ríkissjóður hefur heimild til að gera skiptasamninga við innlendar fjármálastofnanir fyrir allt að 50 ma.kr. á árinu 2023 til að stýra betur verðtryggingar- og vaxtaáhættu lánasafnsins. Verða slíkir samningar gerðir ef markaðsaðstæður og kjör leyfa.

Erlend lán

Engin erlend lán eru á gjalddaga árið 2023 en til skoðunar er að gefa út erlent skuldabréf á árinu.

Græn/sjálfbær fjármögnun

Til greina kemur að fjármagna skýrt skilgreind græn og sjálfbær verkefni hér á landi með útgáfu svokallaðra grænna (sjálfbærra) ríkisskuldabréfa á árinu. Munu markaðsaðstæður ráða því hvort af verður og hvort bréfin verða gefin út á innlendum markaði eða undir EMTN útgáfuramma ríkissjóðs.

Tímasetningar útboða og nánari útfærsla

Útboð ríkisverðbréfa verða haldin samkvæmt útboðsdagatali *Lánamála ríkisins*. Tvisvar í mánuði eru fráteknir dagar fyrir útboð ríkisbréfa og einu sinni í mánuði fyrir ríkisvixla. Þessir dagar eru merktir sérstaklega inn á útboðsdagatalið og birtir á vefsíðunni www.lanamal.is. Áskilinn er réttur til þess að fella niður útboð t.d. vegna markaðsaðstæðna. Ef breyting verður á gildandi ársáætlun er venjan að tilkynna það í ársfjórðungsáætlun.

Mánaðarlegar Markaðsupplýsingar, upplýsingasíður hjá Bloomberg <ICDO> og vefsíðan www.lanamal.is verða með svipuðu sniði og verið hefur.



LÁNAMÁL RÍKISINS

Aðalmiðlarar ríkisverðbréfa

Arion banki hf.
Fossar fjárfestingarbanki hf.
Íslandsbanki hf.
Kvika banki hf.
Landsbankinn hf.

Frekari upplýsingar veita Esther Finnbogadóttir í fjármála- og efnahagsráðuneyti í síma 545 9200 og Björgvin Sighvatsson hjá Lánamálum ríkisins í síma 569 9600.